

1867.
19. janúar. pistla og guðspjöll í hana eptir endurskoðuðu íslensku útlegg-
ingunni af biblíunni, og að sleppa nokkrum bænum, sem eru
orðnar úreltar, og að stytta og laga sumar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðið hér
með veitir yður heimild þá, sem þér hafið beðið um.

19. janúar. **3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um bæjarfulltrúa kosningu á Ísa-
firði.**

Með bréfi dagsettu 15. októbermán. f. á. hafið þér, herra
amtmaður, sent stjórnarráðinu skýrslu um kosningu á bæjar-
fulltrúum fyrir kaupstaðinn Ísafjörð, er fram fór 16. júlímán.
f. á. samkvæmt reglugjörð 26. janúarmán. s. á., og útaf því að
höfð hefir verið sú aðferð við kosninguna, að allir fulltrúarnir
hafa verið kosnir í einu lagi, í stað þess að átt hefði að yðar
hyggju samkvæmt ákvörðuninni í 9. grein reglugjörðarinnar að
kjósa hvern fulltrúa sér í lagi, hafið þér beiðzt úrskurðar stjórn-
arráðsins um, hvort kosningin eigi að vera gild þrátt fyrir mis-
smíði þau, er yður virðast vera á henni, eða nýjar kosningar
eigi fram að fara.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar,
að stjórnarráðið fær ekki betur sæð, en að aðferð sú, sem höfð hefir
verið við kosningu þessa, sé rétt, því að ákvörðunin í 9. grein
reglugjörðarinnar virðist að eins eiga við, þá er kjósa á fulltrúa
í sæti, sem auð hafa orðið seinna, og á kosning sú, sem hér er
um rædt, því óröskuð að standa.